


An aerial photograph of a coastal town, likely in Iceland, showing a dense urban area with numerous buildings and a large harbor. The town is situated on a peninsula or a narrow strip of land, with the ocean on both sides. The foreground shows agricultural fields and a road. The sky is clear and blue, and the water is a deep blue. The sun is reflecting off the water on the left side of the image.

Ársreikningur 2023

23. apríl 2024



Samanburður rekstrar milli áráanna 2022 og 2023






Samstæðureikningur

• Rekstrartekjur

- Rekstrartekjur samstæðu á árinu 2023 námu samtals kr. 11.700 m.kr. og aukast um 16% milli ára.
- Þar af hækka útsvar og fasteignaskattar um rúmar 781 m.kr. eða sem nemur 12,9%.
- Framlög jöfnunarsjóðs hækka um tæpar 527 m.kr. (30%) og aðrar tekjur hækka um 305m.kr. (13,4%).
- Meðaltekjuvöxtur kaupstaðarins á árunum 2016-2023 nemur 9,3% og er því tekjuvöxtur ársins (16%) talsvert yfir meðaltali síðustu ára.






Samstæðureikningur

• Rekstrargjöld

- Rekstrargjöld samstæðu á árinu 2023 námu samtals, að meðtöldum afskriftum, kr. 11.898 m.kr. og aukast um 13,1% milli ára.
- Þar af hækka launagjöld án lífeyrisskuldbindinga um 889 m.kr. eða sem nemur 13,4%.
- Lífeyrisskuldbinding hækkar um 18 m.kr. eða sem nemur 3,5% og annar rekstrarkostnaður hækkar um 417 m.kr. (13,8%). Afskriftir aukast um 53,6 m.kr. milli ára eða 22,2%.
- Rekstrargjöld, án afskrifta, aukast því um kr. 1.324 m.kr. milli ára en rekstrartekjur aukast á sama tíma um 1.613 m.kr. og eru því rekstrartekjur að aukast um 288 m.kr. umfram rekstrargjöld á tímabilinu.






Samstæðureikningur

• Rekstrarafkoma

- Rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði er jákvæð sem nemur 117 m.kr. á árinu 2023 en var neikvæð sem nam 157 m.kr. á árinu 2022.
- Á árunum 2020 til og með 2023 var rekstrarafkoma jákvæð, fyrir óreglulega liða, að meðaltali 248 m.kr.
- Talsverð sveifla hefur verið á hlutfalli rekstrarafkomu af rekstrartekjum en var það jákvætt um 3,3% á árinu 2021 og fer yfir í að vera neikvætt um 1,6% fyrir árið 2022 en nú á árinu 2023 er það jákvætt um 1%. Á árunum 2020 til og með 2023 er hlutfallið að meðaltali 0,6%.






Samstæðureikningur

• Rekstrarafkoma

- Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, er jákvæð sem nemur 319 m.kr. á árinu 2023.
- Óreglulegir liðir á árinu 2023 voru samtals tekjur að fjárhæð 202 m.kr. Er það tilkomið vegna gatnagerðartekna v. þéttingu byggðar sem námu 175 m.kr., og söluhagnaður eigna sem námu 270 m.kr. en á móti koma svo gjöld vegna niðurrifs eigna 117 m.kr. og gjaldfærð lífeyrisskuldbinding A deildar Brúar 126 m.kr.
- Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, á árinu 2022 var neikvæð að fjárhæð 101 m.kr. en þar voru óreglulegir liðir 55,6 m.kr. tekjur.






Samstæðureikningur

• Þróun efnahagsreiknings


- Heildareignir í árslok nema 20.351 m.kr. og hækka því um 3.783 m.kr. milli ára.
- Þar af aukast fastafjármunir um 3.282 m.kr. og skammtíma kröfur hækka um 534,7 m.kr.
- Handbært fé lækkar um 433 m.kr.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu í árslok nema 10.556 m.kr. en þær hækka um 3.277 m.kr. milli ára.
 - Skuldir við lánastofnanir eru í árslok 946,5 m.kr. og hækka um 177 m.kr.
 - Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 4.558 m.kr. en hún hækkar um 374,6 m.kr. frá fyrra ári.
- Eigið fé í árslok nemur 9.795 m.kr. og er eiginfjárlutfall í árslok 48% og lækkar því um 8 % stig frá fyrra ári.





Samstæðureikningur

- Þróun lífeyrisskuldbindingar
 - Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 4.558 m.kr. og hækkar um 374 m.kr. frá fyrra ári.
 - Á árinu 2023 var greitt inn á lífeyrisskuldbindingu 235 m.kr. eða 28 m.kr. meira en á árinu 2022.






Samstæðureikningur



• Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á árinu nemur 657 m.kr. og lækkar því um 814 m.kr. milli ára eða lækkun sem nemur 55,3%.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins nema tæpum 3.308 m.kr. og hækkar því um 1.527 m.kr. milli ára. Þar af nemur fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 3.511 m.kr.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins nema 2.218 m.kr. Þar af námu afborganir langtímalána 256 m.kr. og greidd lífeyrisskuldbinding 235 m.kr.
- Handbært fé í árslok nemur 372 m.kr. en nam 805 m.kr. í árslok 2022 og hefur því lækkað um rúmar 433 m.kr. milli ára eða sem nemur 53,8%.







Veltufé frá rekstri






Fjárfestingar A og B hluta





Samstæðureikningur

- Lykiltölur
- Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga
 - Rekstarjöfnuður hækkar frá fyrra ári. Hann er jákvæður og nemur 796 m.kr. í árslok 2023.
 - Samanlögð rekstrarafkoma síðustu þriggja ára fyrir óreglulega liði, þ.e. meðal annars uppgjör á lífeyrisskuldbindingum, nemur samtals 269 m.kr. samanborið við 131 m.kr. í lok árs 2022. Á árinu 2021 var fjárhæðin 908 m.kr.
 - Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum fer hækkandi og nemur 52 % í árslok 2023 en hámarkið er 150%.






Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- Skuldahlutfall þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hafa farið markvisst lækkandi frá árinu 2017 þegar það nam 94% ef fór aftur hækkandi árið 2022 í 72% en hlutfallið stendur nú í 90% í árslok 2023.
- Eiginfjárhlutfallið hefur að sama skapi farið hækkandi, frá því að standa í 50% í lok árs 2017 yfir í það að standa í 58% í árslok 2021 en lækkar lítillega árið 2022 í 56%, lækkar áfram og stendur í árslok 2023 í 48%.

Þróun lykilstærða






Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- Veltufjórhlutfall, þ.e. veltufjórmunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, nemur 0,6 í árslok 2023 hjá samstæðunni. Hlutfallið lækkaði verulega á árinu og er töluvert undir meðaltali veltufjórhlutfalls áráanna 2017 til og með 2023 sem nemur 1,6.
- Veltufjórhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuðum og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.






A - hluti

• Rekstrartekjur


- Útsvör og fasteignagjöld hækkuðu um 783 m.kr. frá árinu 2022 og eru 6.862 m.kr. á árinu 2023. Það 12,9% hækkun milli ára.
- Síðustu ár hefur dregið úr vexti á útsvari og fasteignasköttum milli ára en eykst aftur milli 2020-2022 en er góður vöxtur milli 2022 og 2023.
 - 2017-2018 : 10,16%
 - 2018-2019 : 6,14%
 - 2019-2020 : 4,08%
 - 2020-2021 : 10,16%
 - 2021-2022 : 8,6%
 - 2022-2023 : 12,9%
- Framlög Jöfnunarsjóðs hækkuðu talsvert frá árinu 2022. Framlögin námu 2.261 m.kr. á árinu 2023 og hækkuð því um 527 m.kr. milli ára eða um 30,4%.
- Aðrar tekjur hækka um 188 m.kr. frá árinu 2022 og eru 1.221 m.kr. á árinu 2023. Það er lækkun um 18,2%.





A - hluti


- Laun og launatengd gjöld
 - Á árinu 2023 voru launagjöld utan lífeyrisskuldbindingar alls 6.330 m.kr. en lífeyrisskuldbinding nam 518 m.kr.
 - Hlutfall launa með lífeyrisskuldbindingu var 66,2% sem hlutfall af rekstrartekjum en hlutfall launa án lífeyrisskuldbindingar var 61,2%.
 - Launagjöld hækka um 754 m.kr. frá árinu 2022 eða um 13%.
 - Laun og launatengd gjöld hafa hækkað um 2.595 m.kr. frá árinu 2018 eða um 69,5%.
Launavísitala frá 2018 hefur hækkað um 52,7%.





A - hluti


- Annar rekstrarkostnaður
 - Á árinu 2023 var annar rekstrarkostnaður 3.302 m.kr. eða 31,9% hlutfall af rekstrartekjum.
 - Annar rekstrarkostnaður hækkar um 403 m.kr. frá árinu 2022 eða um 13,9%. Vísitala neysliverðs á árinu 2023 hefur hækkað um 6,7%.
 - Annar rekstrarkostnaður hefur hækkað um 1.553 m.kr. frá árinu 2018 eða um 88,8%.





Málefni fatlaðra

- Rekstrarafkoma 2011-2023
 - Á árinu 2018 kemur inn aukaframlag frá Jöfnunarsjóði og er því rekstrarafkoma jákvæð sem nemur 131 m.kr. það árið.
 - Á árinu 2023 er rekstrarniðurstaða neikvæð sem nemur 389 m.kr. eða 30 m.kr. meiri halli en á árinu 2022.
 - Á árinu 2023 eru gjöld 349 m.kr. hærra en á árinu 2022 og tekjur 319 m.kr. hærri en á árinu 2022.
 - Uppsafnaður rekstrarhalli Akraneskaupstaðar af málefnum fatlaða frá árinu 2011 við tilfærslu málaflokksins frá ríkinu til sveitarfélaga er 1.375 m.kr.





Sjóðir A - hluta


- Aðalsjóður
 - Hlutverk Aðalsjóðs er umsjón með hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir sjóðurinn beint undir sveitarstjórn. Starfsemi Aðalsjóðs er að mestu fjármögnuð af skatttekjum.
 - Rekstrartekjur ársins námu 10.389 m.kr. og eru því tæpum 1.035 m.kr. hærri en áætlanir með viðaukum gerðu ráð fyrir, auknir eru á öllum tekjuliðum aðalsjóðs en tekjum vegna útsvars og fasteignaskatts eru 385 m.kr. hærri tekjur en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir og vegna hærri framlaga frá Jöfnunarsjóðir en greiðslur voru 370 m.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Aðrar tekjur eru einnig umfram um 281 m.kr.
 - Rekstrargjöld tímabilsins námu 10.811 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð kr. 9.913 m.kr. og voru rekstrargjöld því samtals 898 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.
 - Rekstrarafkoma, fyrir fjármagnsliði, er neikvæð sem nemur 422 m.kr.
 - Fjármagnstekjur, umfram fjármagnsgjöld, námu 1.304 m.kr. og er því rekstrarniðurstaða ársins fyrir óreglulega liði jákvæð sem nemur 882 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarafkomu að fjárhæð 366 m.kr. í rekstrarafkomu tímabilsins.
 - Eignir í árslok nema 17.762 m.kr. og skuldir og skuldbindingar nema samtals 7.538 m.kr. Eigið fé nemur því 10.225 m.kr.





Aðalsjóður

- Ráðstöfun skatttekna til málaflokka
 - Hlutfallslega fer hæsta hlutfall skatttekna í fræðslu og uppeldismál eða sem nemur 46% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs.
 - Þar næst kemur Félagsþjónustan með 24,6% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs en á árinu 2022 var hlutfallið 23,4%.
 - Áfallin lífeyrisskuldbinding nemur 6,5% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs og Æskulýðs- og íþróttamál er með 10,8% af heildskatttekjum Aðalsjóðs.
 - Sameiginlegur kostnaður er með 6,8% sem hlutfall af heildarskatttekjum Aðalsjóðs.





Sjóðir A - hluta

- Eignasjóður
 - Eignasjóður er alfarið í eigu Akraneskaupstaðar og hefur með höndum umsýslu fastafjármuna sem nýttir eru fyrst og fremst af aðalsjóði sveitarfélagsins. Eignasjóður annast meðal annar framkvæmdir, nýbyggingar, rekstur fasteigna og annarra mannvirkja fyrir hönd Akraneskaupstaðar.
 - Rekstrartekjur sjóðsins námu 1.315 m.kr. á árinu og rekstrargjöld sama tímabils námu 1.129 m.kr. Fjármagnsliður voru neikvæðir að fjárhæð 531 m.kr. Óreglulegir liðir voru tekjur að fjárhæð 248 m.kr. og komu til vegna gatnagerðargjalda v. þéttingu byggðar og söluhagnaði af eignum. Rekstrartap nam 96 m.kr.
 - Eignir í árslok námu 6.648 m.kr., skuldir á sama tíma námu 5.830 m.kr. og Eigið fé nam 818 m.kr.
- Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf.
 - Félagið er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar, 99% með beinni eignaraðild og 1% í eigu einkahlutafélags sem kaupstaðurinn á einnig að fullu.
 - Tilgangur félagsins er að eiga og reka fasteignir, stunda eignaumsýslu ásamt tengdum rekstri.
 - Rekstrartekjur ársins námu 220 m.kr., rekstrargjöld á sama tímabili námu 154 m.kr. Fjármagnsliður voru neikvæðir að fjárhæð 423 m.kr. Rekstrartap tímabilsins nam 160 m.kr.
 - Eignir í árslok námu 5.228 m.kr., skuldir á sama tíma námu 4.992 m.kr. Eigið fé í árslok nam 235 m.kr.
- Byggðasafnið í Görðum
 - Hlutverk byggðasafnsins er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningar- sögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi. Byggðasafnið er sameignarfélag og hlutur Akraneskaupstaðar er 90%.
 - Rekstrartekjur ársins námu 78,8 m.kr., rekstrargjöld tímabilsins námu 79,3 m.kr. Rekstrarniðurstaða er neikvæð sem nemur 400 þús.kr.
 - Eignir í árslok námu 83,4 m.kr., skuldir á sama tíma námu 10,6 m.kr. og Eigið fé nam 72,8 m.kr.





Sjóðir B - hluta

- Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.
 - Félagið er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar en óverulegur rekstur er í félaginu en markmið þess er að efla íþróttastarfsemi innan Akraneskaupstaðar.
 - Tap af rekstri félagsins nam 18 þ.kr. á árinu. Eignir í árslok námu 274 þ.kr., skuldir námu 0 kr. og nam eigið fé í árslok 274 þ.kr.
- Gáma
 - Gáma er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar, félagið sér um rekstur móttökustöðvar fyrir sorpúrgang íbúa á Akranesi.
 - Rekstrartekjur félagsins námu 118,5 m.kr. og tap af rekstri félagsins nam 800 þ.kr. á árinu.
 - Eignir í árslok námu 34,6 m.kr. og heildarskuldir 34,1 m.kr.
 - Eigið fé í árslok var jákvætt um 500 þ.kr.
- Háhiti ehf.
 - Háhiti ehf., er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar og er tilgangur félagsins iðnaðarframleiðsla, innflutningur, smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
 - Tap af rekstri Háhita á árinu nam 252 þ.kr. Eignir félagsins í árslok námu 28 þ.kr. og skuldir 2.533 þ.kr. Eigið fé var neikvætt um 2.505 þ.kr.
- Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili
 - Eignarhluti Akraneskaupstaðar í Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili nemur 90%.
 - Tekjur Höfða námu 1.462 m.kr. á árinu, gjöld sama tímabils námu 1.488 m.kr. og rekstrartap tímabilsins var 155 m.kr.
 - Eignir í árslok námu 845,7 m.kr. og skuldir námu 774,7 m.kr. Eigið fé nam 71 m.kr.






Höfði

• Rekstrarafkoma Höfða 2015-2023

- Á árinu 2016 var rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði neikvæð um 32,7 m.kr. Lífeyrisskuldbinding var yfirtekin af ríkissjóði og eignaraðilum að fjárhæð 924,8 m.kr. og var það rekstrarafkoma jákvæð um 892,1 m.kr.
- Árið 2018 náðist hagnaður af rekstri en rekstrarafkoma var jákvæð um 5,2 m.kr.
- Á árinu 2023 var rekstrartap Höfða 155 m.kr.
- Tekjur voru um 10 m.kr. lægri en áætlanir með viðaukum gerðu ráð fyrir og rekstrargjöld um 38 m.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Meginskýring á neikvæðri afkomu ársins skýrist af kostnaði við viðhald fasteignar en hann nam 54 m.kr. á árinu og gjaldfærðu endurmati lífeyrisréttinda í A deild Brúar lífeyrissjóðs sem nam 38,6 m.kr.





Í þús. kr.

	2023		2022	
	Akraneskaupstaður samstæða	Samstæða með samrekstrar- aðilum	Akraneskaupstaður samstæða	Samstæða með samrekstrar- aðilum
Rekstrartekjur				
Skatttekjur	9.106.613	9.104.077	7.798.866	7.768.566
Framlög eigenda				
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	2.593.068	4.489.766	2.287.591	4.083.711
	11.699.681	13.593.843	10.086.457	11.852.277
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	8.070.473	8.551.178	7.163.031	7.605.040
Annar rekstrarkostnaður	3.435.428	4.249.802	3.018.285	3.660.499
Afskriftir	392.531	688.438	338.905	608.015
	11.898.432	13.489.418	10.520.221	11.873.554
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	-	198.751	-	433.764
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	315.820	-	350.877	276.811
Aðrar tekjur og (gjöld)	202.092	738.861	55.647	738.010
Rekstrarniðurstaða, jákvæð (neikvæð)	319.161	429.408	-	101.306





Rekstrarreikningur ársins 2023

Skýr.	A hluti			B hluti			A og B hluti			
	2023	Áætlun þús. króna	2022	2023	Áætlun þús. króna	2022	2023	Áætlun þús. króna	2022	
Tekjur:										
Útsvör og fasteignaskattar	6.862.197	6.495.751	6.079.564				6.845.983	6.479.977	6.064.981	
Framlög Jöfnunarsjóðs	2.260.630	1.891.363	1.733.885				2.260.630	1.891.363	1.733.885	
	9.122.827	8.387.114	7.813.449				9.106.613	8.371.340	7.798.866	
Aðrar tekjur	1.220.953	926.816	1.032.619	1.580.650	1.581.861	1.435.050	2.593.068	2.311.519	2.287.591	
	3,4	10.343.780	9.313.930	8.846.068	1.580.650	1.581.861	1.435.050	11.699.681	10.682.859	10.086.457
Gjöld:										
Launagjöld án lífeyrisskuldbindingar	5	6.329.521	6.162.875	5.575.482	1.218.639	1.182.426	1.083.092	7.548.160	7.345.301	6.658.573
Lífeyrisskuldbinding	5	518.372	399.511	501.493	3.941		2.965	522.313	399.511	504.458
Annar rekstrarkostnaður	6	3.301.909	2.737.615	2.898.642	358.269	354.820	314.304	3.435.428	2.879.503	3.018.285
		10.149.802	9.300.001	8.975.617	1.580.849	1.537.246	1.400.360	11.505.901	10.624.315	10.181.316
Afskriftir	9	364.382	312.686	311.992	28.149	29.787	26.913	392.531	342.473	338.905
	3	10.514.184	9.612.687	9.287.609	1.608.998	1.567.033	1.427.273	11.898.432	10.966.788	10.520.221
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		(170.404)	(298.757)	(441.541)	(28.348)	14.828	7.777	(198.751)	(283.929)	(433.764)
Fjármagnsliðir:										
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	350.573	228.489	290.124	(34.753)	(25.495)	(13.313)	315.820	202.994	276.811
Rekstrarafkoma fyrir aðra liði		180.169	(70.268)	(151.417)	(63.101)	(10.667)	(5.536)	117.069	(80.935)	(156.953)
Aðrir liðir:										
Sóluhagnaður eigna		270.184					270.184			
Gatnagerðargöld af þéttingu byggðar		175.062	261.600	96.592			175.062	261.600	96.592	
Lífeyrisskuldbinding A-deild Brúar		(87.614)			(38.608)		(126.222)			
Niðurrif eigna vegna skipulags og meirih. viðhald		(62.590)	(680)		(54.342)	(74.295)	(40.945)	(116.932)	(74.975)	(40.945)
		295.042	260.920	96.592	(92.950)	(74.295)	(40.945)	202.092	186.625	55.647
	1,2,8,									
Rekstrarafkoma, jákvæð (neikvæð)	28,29	475.211	190.652	(54.825)	(156.051)	(84.962)	(46.481)	319.161	105.690	(101.306)
Skipting rekstrarafkomu:										
Akraneskaupstaður		475.170	190.344	(55.339)	(140.554)	(84.868)	(42.218)	334.617	105.476	(97.558)
Hvalfjarðarsveit		41	308	514	(15.497)	(94)	(4.263)	(15.456)	214	(3.749)
Rekstrarafkoma, jákvæð (neikvæð)		475.211	190.652	(54.825)	(156.051)	(84.962)	(46.481)	319.161	105.690	(101.306)







Frávik frá upphaflegri áætlun

